



Gerðarprófun fituskilja Borgarplasts

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur gerðarprófað fituskiljur Borgarplasts skv. Evrópustaðli EN 1825-1:2004.

Staðallinn setur fram kröfur til ákvörðunar nafnstærðar (NS), eðlisþyngdar efnis, MFI, togþols, tog lengingar, UV-þols, efnapols og flokkun hráefnis m.t.t. viðbragða hráefnis við eldi. Einnig setur staðallinn fram kröfur til eiginleika þéttihringja, vatnspéttleika skilju, aðgengis, loftunar, þvermáls stúta, fallhæðar, eiginleika loks, burðarþolsgreiningar skilju, stærðar fiturýmis, flæðistýringar, viðvörunarbúnaðar, fastefnaskilju, merkingar skilju og upplýsingagjafar framleiðanda.

Skiljurnar voru burðarþolsgreindar, skiljuvirkni þeirra mæld og hönnun metin m.t.t. ofangreindra ákvæða staðalsins. Lokunarbúnaður er ekki í þeim fituskiljum sem hér eru gerðarprófaðar, lok eru ekki seld með og ekki hafa enn verið settar kröfur hér á landi um viðbrögð við eldi til að máta skiljurnar við. Þess vegna áttu viðkomandi ákvæði staðalsins ekki við.

Við mat á burðarþoli hefur verið gengið út frá núverandi hönnun skiljanna, efnisvali í þær, að þær séu ofan við grunnvatn og sjávarföll og að notkun sé í samræmi við aðrar leiðbeiningar á heimasíðu Borgarplasts. Skiljurnar eru gerðar úr PE plasti með sveigjuþjáðurstuðul yfir 850 MPa. Þær eru sívalir tankar með bárum, í mismunandi lengdum og þvermáli. Þær eru grænar eða rauðbrúnar eftir þykkt og þar með álagspoli og með svörtum stútum.

Gerðarprófunin náði til mismunandi stærða og gerða skiljanna. Hún náði til mismunandi tegunda hráefna, efnisþykkta og álagspols gagnvart fitu, jarðvegi og umferðarálagi. Á grundvelli prófananna er nafnstærð 40 skilja með ólíka lögum skilgreind eftirfarandi:




Vörunr.	Þver- mál (mm)	Lengd	Vökva- rými (m ³)	Fitu- rými (m ³)	Flatarmál fituskilju- rýmis (m ²)	Dýpt söfnunar- rýmis (mm)	Stútar (mm)	NS
43001	1000	Lóðrétt	0,84	0,12	0,75	155	110	3
43005	1400	Lóðrétt	1,6	0,2	1,54	130	160	5
43009	1000	1440	0,85	0,12	1,17	85	110	3
43013	1000	1920	1,15	0,16	1,55	85	110	4
43017	1000	2420	1,46	0,2	1,95	85	110	4,5
43021	1200	1920	2,1	0,24	1,64	120	160	6
43025	1200	2620	2,9	0,32	2,22	120	160	8
43029	1200	3320	3,7	0,4	2,79	125	160	10
43033	1200	4020	5	0,64	4,2	125	200	16
43037	1200	4720	5,9	0,76	4,9	125	200	19
43041	1200	5420	6,8	0,88	5,6	125	200	22
43045	1200	6120	7,7	1	6,3	125	200	25
43049	1200	6820	8,6	1,12	7	125	200	28
43053	1200	7520	9,5	1,2	7,7	125	200	30
43057	1400	2820	3,6	0,56	3,5	125	200	14
43061	1400	3860	4,9	0,68	4,7	125	200	17
43065	1400	4950	6,4	0,88	5,9	125	200	22
43069	1400	5990	7,7	1	7,1	125	200	25
43073	1400	8120	9,3	1,32	10,9	100	250	33
43077	1400	9210	10,5	1,48	12,4	100	250	37

Gerðarprófunin nær einnig til þykkari skilja, sem hafa sömu vörunúmer og í töflunni hér að ofan að viðbættum stafinum "U".

Niðurstaða Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands við prófanir og mat á eiginleikum skiljanna er að þær standast þær kröfur staðalsins sem að þeim snúa.

25. ágúst 2008

F.h. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands


Ingólfur Þorbjörnsson


Páll Arnason